

FUNDARGERÐ

324. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 6. apríl 2022

Fundurinn var haldinn í fundarsalnum Ráðagerði á Hótel Örk í Hveragerði eftir heimsókn stjórnarmanna og framkvæmdastjóra til Pure North ehf.

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefni framundan
3. Plastumbúðir
4. Rekstur
5. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ).
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Halldór Haraldsson (HaH),
Hildur Hauksdóttir (HiH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

Benedikt S. Benediktsson ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 323. fundar stjórnar var samþykkt með breytingum.
2. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna minnisblað um nýjar lagakröfur sem sjóðnum er gert að uppfylla er varða hreinsun á víðavangi sem koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Minnisblaðið skal innihalda tillögur að útfærslum í takt við gögn sem stjórnin hefur rætt.
3. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að kanna fjárhagslegar forsendur endurgjalds vegna frauðplasts nánar og taka málið fyrir að nýju á næsta stjórnarfundum.
4. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að tryggja að tekin yrðu viðtöl við stjórnarmenn við undirbúning vinnustaðagreiningar Strategíu.

5. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að útbúa minnisblað um endurgjald vegna heyrúlluplastúrgangs fyrir næsta stjórnarfund.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 11:00

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 323. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs.

Stjórnarmenn lögðu til þrjár breytingar á umfjöllun um 3., 7. og 8. dagskrárlið. Var BSB falið að fella breytingarnar inn í fyrirliggjandi drög og leita staðfestingar annarra stjórnarmanna á hvort innfellingarnar hefðu verið framkvæmdar með réttum hætti.

Gerðardrögin voru SAMÞYKKT með breytingum og verða send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Verkefni framundan

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir verkefnaáætlun á PP-formi.

ÓK fór yfir stöðu verkefna á áætluninni. Kom m.a. fram að í samvinnu við tollayfirvöld væri unnið að kortlagningu breytinga sem gera þyrfti á tollskrá eða álagningarkerfi Skattsins. Var í því samhengi rætt um að halda þyrfti tollmiðlurum upplýstum um þær breytingar sem væru framundan. Þá upplýsti ÓK um stöðu undirbúnings kerfisbreytinga vegna úrvinnslugjalds á ökutæki, drifrafhlöður, tiltekna einnota plastvörur og vegna álagningar þrepaskiptra gjalda. Þá gerði ÓK grein fyrir vinnu vegna sérstakrar söfnunar og söfnunar á víðavangi.

Stjórn ræddi verkefnin. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna minnisblað um þá umfjöllun sem finna má um afmörkun kostnaðar vegna söfnunar á víðavangi í skýrslunni [Study to support the development of implementing acts and guidance under the Directive on the reduction of the impact of certain plastic products on the environment - WP 6 : final report on developing guidelines on litter clean-up costs.](#) Skal minnisblaðið innihalda tillögur.

3. Plastumbúðir

Á rafrænni stjórnargátt lá fyrir skjal með heitið *Mat á umbúðamagni, þrepaskiptingu, tilteknum einnota plastvörum og úrvinnslugjaldi*. Jafnframt lá fyrir frá Terra umhverfisþjónustu hf. *Greinagerð til Úrvinnslusjóðs vegna útflutnings á plasti til flokkunar* og minnisblöð skrifstofu Úrvinnslusjóðs um *Fyrirkomulag og endurgjald fyrir flokkun og endurvinnslu/orkuvinnslu á blönduðum plastumbúðum frá heimilum* og *Minnisblað vegna endurvinnslu á frauðplasti*. Að auki lá fyrir glærुकyning skrifstofunnar frá 12. ágúst 2020 með heitið *Blandaðar plastumbúðir frá heimilum*.

ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir hugmyndum um meðhöndlun frauðplasts m.t.t. endurvinnslu o.fl. Þá kynnti ÓK mögulegt fjárhagslegt umfang. Stjórn ræddi hugmyndirnar.

ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að kanna fjárhagslegar forsendur nánar og taka málið fyrir að nýju á næsta stjórnarfundum.

ÓK gerði grein fyrir endurvinnsluhlutföllum plastumbúða og áhrifum breytinga á markaðsverði. Stjórn ræddi málefnið meðal annars m.t.t. óhreininda og samsetningar úrgangsins. Fram kom að endurvinnsluhlutföll hefðu í einstaka tilvikum sveiflast og horft væri fram á erfiðleika við að koma óendurvinnsluhæfi plasti í orkunýtingu (brennslu). Þá var rætt um mismun milli endurvinnsluhlutfalla milli verksmiðja í einstökum ríkjum. Stjórn ræddi forsendur ákvörðunar endurgjalds í ágúst 2020.

4. Rekstur

ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir vinnu við módelsmíði vegna framlegðarútreikninga vörflokka. Kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að fylgjast vel með kostnaðarsveiflum.

Stjórn ræddi málefnið, m.a. forsendur til áætlunar kostnaðar. MJ benti á hugmyndir um flokkun og brennslu hér á landi.

5. Önnur mál

Fyrir lágu drög að verkefnislýsingu Strategíu *Vinnustaðagreining og tillögur að nýju skipulagi*. ÓK fór yfir efni verkefnislýsingardraganna. Stjórn ræddi drögin.

ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að tryggja að tekin yrðu viðtöl við stjórnarmenn við undirbúning greiningarinnar.

Tímasetning yfirferðar draga að skýrslu Ríkisendurskoðunar um Úrvinnslusjóð var rædd stuttlega.

Stjórn ræddi innlenda endurvinnslu heyrulluplastúrgangs. EM benti á að í því samhengi þyrfti að fjalla um hvort og hvernig flutningsjöfnun megnar að stuðla að slíkri endurvinnslu með fullnægjandi hætti. Jafnframt lagði EM til að tekið yrði til athugunar hvort kröfur til öflunar upplýsinga skv. 1. og 15. gr. laga nr. 162/2002, sbr. 28. gr. og c- og d-lið 38. gr. laga nr. 103/2021, hefðu verið innleiddar með fullnægjandi hætti, hvort nægilegra upplýsinga hefði verið aflað vegna útflutnings slíks úrgangs frá gildistöku framangreindra ákvæða laga nr. 103/2021 og eftir atvikum hvaða áhrif ófullnægjandi upplýsingaöflun kynni að hafa á heimildir sjóðsins til að inna endurgjald af hendi. Vísaði EM í þessu samhengi til umfjöllunar í 3. málsgrein kafla með fyrirsögnina *Endurvinnsla á plasti hér á landi* í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis ([bskj. 1680 í 708. máli á 151. löggjafarþingi](#)). LÓ benti á að mögulega þyrfti að tilkynna breytingar á

flutningsjöfnun til ESA. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að útbúa minnisblað um endurgjald vegna heyrúlluplastúrgangs fyrir næsta stjórnarfund.

Stjórn ræddi vinnulag og skilvirkni stjórnarstarfa. Var sú afstaða m.a. látin í ljós að bæta þyrfti undirbúning funda með frekari skriflegum gögnum sem væru stjórnarmönnum aðgengileg á fundargátt með meiri fyrirvara en tíðkast hefur. Var í því samhengi m.a. vísað til ákvæða starfsreglna stjórnar um framlagningu gagna fyrir stjórnarfund.

Fleira var ekki gert á 324. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 13:07.